

## Starfslýsing - matráður

---

### Starf

Matráður í mötuneyti starfsfólks.

### Næsti yfirmaður

Skólameistari

### Starfshlutfall

35-67%

### Tilgangur og markmið starfs

Að sjá um léttu máltíð í hádeginu fyrir starfsmenn Menntaskólans á Akureyri.

### Helstu verkefni

1. Sér um innkaup fyrir eldhúsið í samráði við fjármálastjóra
2. Útbýr matseðil fyrir vikuna
3. Tekur til ávexti og hellir upp á kaffi fyrir frímínútur að morgni
4. Eldar léttu máltíð í hádegi
5. Gengur frá í eldhúsi
6. Önnur tilfallandi störf eins og að taka til hressingu fyrir fundi

### Ábyrgð

Matráður ber ábyrgð á að starfsfólk eigi kost á að fá holla máltíð í hádeginu og halda eldhúsi og matsal hreinu og snyrtilegu.

### Menntun, reynsla og hæfni

Matráður þarf að hafa lokið matartækninámi eða námskeiðum sem nýtast í starfi. Reynsla af störfum í eldhúsi, vera hugmyndaríkur, snyrtilegur og með góða þjónustulund. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

### Annað

Matráði er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er matráði að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en matráður stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars

## Starfslýsing - matráður

---

aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Matráði er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máslins eða fyrirmælum skólameistara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.